

Föstudaginn 24. júní 1988.

Nr. 163/1988. **Guðjón Steingrímsson**

gegn

**Pórði Þórðarsyni og
uppboðshaldaranum á Akranesi.**

Kærumál. Uppboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Kærð er ákvörðun Sigurðar Gizurarsonar uppboðshaldara á Akranesi í uppboðsrétti 22. apríl sl. að fella niður nauðungaruppboð á fasteigninni Kirkjubraut 16 á Akranesi, eign varnaraðila Þórðar Þórðarsonar.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 27. maí sl. Skjöl málsins bárust Hæstarétti 2. þ.m. en greinargerð sóknaraðila 15. þ.m. Gerir hann þær kröfur, „að ákvörðun uppboðshaldara verði hrundið og lagt verði fyrir hann að tilkynna og auglýsa 3. og síðasta uppboð á eigninni sem fyrst“ og sér verði dæmdur hæfilegur kærumálskostnaður. Um kæruheimild er vísað til 21. gr. 1. mgr. 4. tl. og 2. mgr. laga nr. 75/1973.

Uppboðsmál það, er hér um ræðir, var þingfest 24. september 1987. Fyrsta uppboð fór fram 18. desember s.á. og kom eitt boð í eignina. Annað og síðara uppboð var ákveðið 12. febrúar 1988. Á uppboðsþingi þá var uppboðinu frestað til 25. mars sl. Er málið var tekið fyrir þann dag kl. 11:15 var sóknaraðili mættur og lögð fram uppboðsbeiðni hans, sem dagsett er 27. janúar 1988, og mál hans sameinað þessu. Annað uppboð fór nú fram og kom eitt boð í eignina. Að kröfu uppboðspola var þriðja og síðasta uppboð ákveðið á eigninni sjálfri 22. apríl sl. kl. 11:30. Þá var bókað:

„Mættir eru í réttinum Jón Þóroddsson hdl. f.h. útibús Búnaðarbanka Ísl., Búðardal, og Pétur Þór Sigurðsson f.h. uppboðspola Þórðar Þórðarsonar.

Umboðsmaður uppboðspola mótmælir framgangi uppboðsins, með því að það sé haldið þeim formgalla, að 3. og síðasta uppboð

hafi ekki verið ákveðið innan fjögurra vikna og krefst, að uppboðið verði felld niður.

Uppboðshaldari fellir uppboðið niður.“

Í greinargerð sinni kveður sóknaraðili sér hafa orðið „ljóst daginn áður en uppboðið átti að fara fram að uppboðið yrði ekki löglega auglýst“. Hefði hann þá talað við Tryggva Bjarnason fulltrúa bæjarfógetans á Akranesi í síma og skýrt honum frá því, að hann „sæi ekki ástæðu til þess að fara upp á Akranes daginn eftir og mæta þar í uppboðsrétti þar sem“ hann „reiknaði með að embættið mundi auglýsa 3. og síðasta uppboð aftur“.

Frá uppboðshaldaranum á Akranesi hefur borist greinargerð. Þar segir m.a.:

„Lögm. uppboðspola mótmælti framgangi uppboðsins og bar því við, að uppboðið væri haldið þeim formgalla, að þriðja og síðasta uppboð hafi ekki verið ákveðið innan 4 vikna frá öðru og síðara uppboði. Ekki komu nein andmæli fram af hálfu þeirra, sem voru mættir, og þar sem krafa lögm. uppboðspola virtist á rökum reist, þá féllst uppboðshaldari á kröfu hans.

Þá ber þess að geta, að mistök urðu af embættisins hálfu við auglýsingu uppboðsins í dagblaði á uppboðinu. Þess var ekki gætt í tæka tíð að dagurinn fyrir uppboðið 21. apríl (sumardagurinn fyrsti) var fridagur og að dagblöð mundu ekki koma út. Því var auglýsingin send of seint og hefði ekki birst fyrr en 22. apríl, sama dag og uppboðið átti að fara fram. Greip uppboðshaldari því til þess, að afturkalla morguninn 22. apríl auglýsingu þá, sem send hafði verið DV til birtingar. Það er því rétt, sem fram kemur í kærnu Guðjóns að mistök urðu við auglýsingu uppboðsins, þó þess sé ekki getið í bókun af þinghaldinu. ...

Þá er rétt að fram komi, að Guðjón Steingrímsson hrl. tilkynnti ekki til uppboðshaldara að hann gæti ekki mætt eða að hann sæi ekki ástæðu til að mæta.

Loks vil ég taka fram, að Tryggvi Bjarnason, fulltrúi hér við embættið var í fríi frá vinnu frá 12. apríl og mætti ekki aftur fyrr en þann 25. apríl, þannig að hann kom ekki nálægt auglýsingu uppboðsins.“

Tryggvi Bjarnason fulltrúi hefur sent Hæstarétti athugasemdir og staðfestir að hafa verið í fríi, er sóknaraðili hringdi heim til hans

á sumardaginn fyrsta til að afla upplýsinga um uppboðið, og því ekki hafa haft „hugmynd um með hvaða hætti staðið var að auglýsingu uppboðsins“ og ekkert hafa tjáð sóknaraðila í því efni. Hafi hann því bent sóknaraðila á „að hafa samband við bæjarfógeta, sem myndi halda uppboðið“, og sé það ekki rétt, að sóknaraðili hafi tjáð sér „að hann sæi ekki ástæðu til að mæta við uppboðið, enda færi ég ekki að taka við tilkynningum um forföll eða að aðili ætli ekki að mæta við þinghald, þegar ég væri í frii frá vinnu“.

Samkvæmt þessu er ósannað, að sóknaraðili hafi tilkynnt uppboðshaldara eða fulltrúa hans, að hann myndi eigi koma til uppboðsþings 22. apríl sl.

Á uppboðsþingi var aðeins mætt af hálfu eins uppboðsbeiðanda og ekki hreyft andmælum við kröfu uppboðspola. Við þessar aðstæður var uppboðshaldara rétt að fella uppboðið niður, sbr. 4. gr. laga nr. 57/1949 um nauðngaruppboð og 118. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Samkvæmt því ber að staðfesta hina kærðu ákvörðun.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð:

Hin kærða ákvörðun uppboðshaldarans á Akranesi skal óröskuð.